

Tilbrigði við blátt og grátt


Ingibjörg Styrgerður býr í Garðabæ og hefur vefstól og vinnustofu í íbúð sinni á efstu hæð í sambýlishúsi rétt hjá miðbænum. Út um vesturgluggana hefur hún dýrlegt útsýni yfir Faxaflóann með Snæfellsjökul í baksýn, Álftanesið og inn til Reykjavíkur. Það gekk á með eljum þótt svo ætti að heita að komið væri vor; stundum dimmt, stund-

um skellibjart, en alltaf einhver tilbrigði við grátt og blátt.

Ég þekkti ekki veflist Ingibjargar Styrgerðar; samt kom mér á óvart í fyrsta lagi, að þau eru alveg geómetrisk og mjög ströng í formi og í annan stað, að þau eru nánast einvörðungu tilbrigði við grátt og blátt, rétt eins og umhverfið, þegar litið var út yfir Faxaflóann. Það var einkum formið, sem kom á óvart, því mér hefur virzt í seinni tíð, að veflist væri oftast með áherzlu á þrívídd eins og skúlptúr, eða þá með einhverskonar samanflæði lita og efna, svo formið hverfur eða skiptir engu máli. Ég þóttist skynja áhrifin frá umhverfinu og íslensku landslagi yfirhöfuð í litnum, en hversvegna þessi ströngu, geómetrisku form? Ingibjörg tók því vel að útskýra bláa litinn, sem hún segir tákn um eitthvað óendanlegt, og geómetríuna, sem er að hluta til komin af hrifningu á því einfalda. En áður en hún svarar því nánar, segir hún svo frá ferli sínum og framhaldsnámi í Austurríki:

„Ég hóf nám mitt í Myndlista- og handíðaskóla Íslands haustið 1967 og stundaði þar nám til vorsins 1974. Það hafði alltaf verið ásetningur minn að leggja stund á myndlist. Í forskóla uppgötvaði ég vefinn sem tjáningarmiðil, en þar var Sigríður Halldórsdóttir vefnaðarkennari haukur í horni, hún fræddi og þræddi leiðina í gegnum bindifræðina og vefstólinn af alúð. Frá þessum árum er Hörður Ágústsson mér einnig ofarlega í huga sem þroskandi leiðbeinandi.

Forlögín réðu því að ég fór til Austurríkis 1974 og tók inntökupróf í Hochschule für angewandte Kunst in Wien og var svo lánsöm að vera í hópi þess þriðjungs umsækjenda sem tekinn var inn og hóf þá nám í



Eitt af veflistaverkum Ingibjargar Styrgerðar á sýningu hennar á Kjarvalsstöðum. Halastjarna, stærð 120x185 sm.

Um veflist og feril Ingibjargar Styrgerðar Haraldsdóttur, sem opnar í dag sýningu á Kjarvalsstöðum



Ljós. Lesbók/Árni Sæberg

Ingibjörg Styrgerður við vefstólinn í vinnustofunni í Garðabæ, þar sem hún býr.

Gestaltungslehre hjá prófessor Herbert Tasquil. Þar lagði ég aðallega stund á formfræði og mótdeikningu og lauk prófi úr þeirri deild vorið 1976 með góðum vitnisburði. Þá um haustið komst ég sem „Meisterschüler“ (lokaprófsnemandi) inn í Meisterklasse für dekorative Gestaltung und Textilien hjá prófessor Margarete Raader-Soulele, en í þeirri deild var ég til vorsins 1979. Af fjölskylduástæðum varð ég að flytja heim ári áður en ég hefði getað tekið diplom (lokapróf). Ég tel mig hafa verið lánsama að lenda þarna hjá góðum og ströngum kennurum. Ég met þau bæði enn mikils. Mér finnst það alltaf nokkuð athyglisvert, að allir aðstoðarkennarar prófessor Raader-Soulele voru karlmenn, allt frá þeim sem kenndi göbelínvefnaðinn til þeirra sem kenndu á Jacquard-vefstólana. Þetta voru allt ágætir karlar og eru nokkrir þeirra ennþá góðir

vinir mínir. Í sunnanverðri Evrópu er það algengara að karlmenn séu sérfræðingar á textilsviðinu heldur en hér á Norðurlöndunum. Í háskólanum eignaðist ég marga góða skólafélaga, við ferðumst saman, m.a. til Tyrklands og Frakklands. Hjá prófessor Raader-Soulele lagði ég aðallega stund á textilhönnun fyrir hýbýli ásamt myndvefnaði. Síðasta árið í þeirri deild tók ég fyrir sem verkefni að hanna allan textíl inn í kirkju sem var í smíðum, allt frá gólfreglum til altarisveggteppis. Draumur minn hefur alltaf verið að fá slík heildarverkefni, en þessi hugmynd mín var aldrei útfærð í raunveruleikanum. Ég reyndi fyrst eftir að ég kom heim að bjóða fram þjónustu mína hjá stærstu vefnaðarverksmiðjunum hér á landi en hafði ekki erindi sem erfði.

Strax eftir að ég fluttist heim, síðla sumars 1979, kom ég mér upp verkstæði, en á þessum sl. átta árum hef ég flutt með allt mitt hafurtask fjórum sinnum. Ég hef aðallega fengist við það að sérhanna og vefa hökla og altarisklæði fyrir kirkjur. Einnig hef ég tekið þátt í nokkrum samsýningum, þar á meðal Nordisk Textiltiennale III 1982–83. Vorið 1985 var mér boðið, eina þáttakandanum frá Íslandi, á alþjóðlega ráðstefnu, Textil Art and Constructive Tradition, í Norrköping í Svíþjóð. Í framhaldi af ráðstefnunni var efnt til samsýningar ráðstefnugesta í Norrköping Konstmuseum.

Hvers vegna geometría? Í verkunum eru mínar eigin tilfinningar og það hugarástand sem ég er í hverju sinni og áhrif frá því samfélagi sem ég bý í. Nöfn verkanna gefa það að einhverju leyti til kynna, annars má hver og einn lesa úr þeim það sem hann vill. Ég hef lengi haft þess áratu að búa til einfalt element og variera með það, einfaldleikinn höfðar mjög sterkt til mín. Mér finnst gaman að búa til kerfi, nú vefstólinn virkar eftir bindikerfi, t.d. ef ég færi ívafið alltaf reglubundið til á uppistöðuþráðunum þá endar það einfaldlega í geómetriskum línunum. Nánast undantekningarlaust er ég búin að búa til mótél af verkunum áður en ég byrja að vefa með tilliti til þess hvernig vefstólinn virkar.

Hvers vegna blátt? Verkin þyrftu ekki endilega að vera blá. Aðalatriðið er að þau flæði úr dökkum tóni í ljósan og ljósum tóni í dökkan. Blái liturinn virkar vel á mig eins og er. Ég skemmti mér daglega við að horfa heima hjá mér út á hafið. Fyrir mér er blái liturinn tákn um eitthvað óendanlegt eins og himinninn. Ég kaus að hafa verkin öll blá á þessari sýningu og halda mér við einfaldleikann.“

GS

Elísabet Jökulsdóttir

Í hallargarði einmana-leikans

Í hallargarði einmanaleikans er margt um manninn en enginn með sjálfum sér. Fyrir en skyggja tekur.

Rósir með þyrnum opnast aðeins í úfnu bergmáli úlfarnir liggja afskornir undir fullu tungli.

Einhver leikur á líru fyrir stjörnuhjarta elskendur í blárrí nóttinni. Einn langur koss deyr út.

Grímubúningar stíga föllir dans í hallargarði einmanaleikans ung stúlka teiknar nafnið sitt á glugga með frostrósir í augunum.

Höfundurinn er húsmóðir í Reykjavík.

Pétur Eggerz Pétursson Sumarnótt

Landið í vatninu.

Tunglið.

Og við dönsuðum dalalæðuna í lognrökrinu.

Höfundurinn er leikari í Reykjavík.